**Sþ. 347. Fyrirspurnir. [204. mál]**

I. Til iðnaðarráðherra um Sementsverksmiðju ríkisins.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hve lengi á að ríkja það bráðabirgðaástand um stjórn Sementsverksmiðju ríkisins, sem nú hefur þjakað rekstur hennar á þriðja ár og skapað óánægju og óvissu hjá starfsliði hennar?

Hvað líður störfum nefndar þeirrar, sem skipuð var til þess að endurskoða lögin um Sementsverksmiðjuna?

Hefur nefndin haft samráð við starfslið verksmiðjunnar við þessa endurskoðun?

II. Til siglingamálaráðherra um framkvæmd laga um eftirlit með skipum.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað dvelur skipan rannsóknarnefndar sjóslysa, sem skipa á skv. lögum frá 30. apríl 1970 um eftirlit með skipum?